

17. gr.

Nú er hlutaðeigandi óánægður með ákvörðun byggingarnefndar og getur hann þá skotið ágreiningnum undir úrskurð forstöðumanns Teiknistofu landbúnaðarins, er felli fullnaðarúrskurð um málið, eftir að hafa fengið skriflegar ástæður beggja aðila.

189

7. sept.

18. gr.

Auk þess, sem áður er tekið fram, skulu verkefni byggingarfulltrúans vera þessi:

1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt hól í sýslunni ekki sjaldnar en 5. hvert ár.
2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbankans og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað, við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi.

Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar fram tekið í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkvæmt 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945, um húsa byggingar í sýslunni, er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, og eru þær þá bindandi fyrir alla þá aðila, sem ákvæði þessarar samþykktar ná til.

20. gr.

Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykkt þessari fyrir hlutaðeigandi lög-reglustjóra. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem opinber lögreglumál.

21. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og lögum nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. september 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um útgáfu ríkisskuldabréfa samkv. 6. gr. laga nr. 47 25. maí 1950, til greiðslu afurðatjónsbóta vegna fjárskipta.

190

7. sept.

1. gr.

Ríkissjóður gefur út á árinu 1950 ríkisskuldabréf í fjórum flokkum, samtals að fjárhæð kr. 3 900 000.00, til greiðslu afurðatjónsbóta til bænda vegna fjárskipta samkvæmt lögum nr. 47 25. maí 1950 um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra. Bréfin eru að fjárhæð kr. 1000.00, kr. 500.00, kr. 100.00 og kr. 50.00 hvert, og auðkennast lítra A—D, auk hlaupandi tölusetningar innan hvers flokks.

190

7. sept.

2. gr.

Tala og fjárhæð bréfa í hinum einstöku flokkum er sem hér segir:
 Lítra A 1900 bréf, hvert að fjárhæð 1000 kr., samtals kr. 1 900 000.00
 Lítra B 2500 bréf, hvert að fjárhæð kr. 500.00, samtals kr. 1 250 000.00.
 Lítra C 6500 bréf, hvert að fjárhæð kr. 100.00, samtals kr. 650 000.00.
 Lítra D 2000 bréf, hvert að fjárhæð kr. 50.00, samtals kr. 100 000.00, eða allir flokkarnir samanlagðir kr. 3 900 000.00.

3. gr.

Bréfin eru gefin út og skráð á nöfn þeirra, sem við þeim eiga að taka samkvæmt ákvörðun sauðfjársjúkdómanefndar. Heimilt er að framselja bréfin með venjulegum hætti. Sé um framsal að ræða samkvæmt 6. gr., getur áritun bankans um móttöku upp í árgjaldagreiðslur komið í stað skriflegs framsals.

4. gr.

Skuldabréfin bera 4% ársvexti og skulu fylgja þeim viðfestir vaxtamiðar fyrir tímann frá 1. okt. 1950 til 1. okt. 1955. Vaxtamiðar þessir falla í gjalddaga 1. október ár hvert, en fyrir sé þeim ekki framvísað til greiðslu innan 4 ára frá gjalddaga.

5. gr.

Skuldabréfin falla í gjalddaga 1. október 1955, og fer greiðsla þeirra fram hjá ríkisféhirði, Reykjavík, og hjá sýslumönnum og bæjarfógetum út um land. Afhenda skal bréfin til greiðslu árituð kvittun rétttra eigenda.

6. gr.

Skuldabréfin skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, en þó aðeins lána þeirra aðila, sem tekið hafa bréfin upp í afurðatjónsbætur. Skulu bankarnir þá taka bréfin með nafnverði. Á sama hátt eru vaxtamiðar bréfanna gjaldgengir til greiðslu sömu lána.

7. gr.

Skuldabréfin skulu vera stimpilfrjáls, en framsal þeirra skal hinsvegar stimpla eftir venjulegum reglum. Þó skal framsal bréfa til banka samkvæmt 6. gr. vera undanþegið stimpilgjaldi.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt fyrirætlum 6. gr. laga nr. 47 25. maí 1950.

Fjármálaráðuneytið, 7. september 1950.

Eysteinn Jónsson.

Magrús Gíslason.